



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogi

Kópavogur, 21. desember 2015
1512005 HÁP

Varðar: Ályktun um Heiðmerkurveg

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu settur á laggirnar nú í sumar eftir að stjórn SSH hafði samþykkt að setja hann á laggirnar. Í hópnum eru fulltrúar frá svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, framkvæmdastjórn vatnsverndar og höfuðborgarsvæðinu og fulltrúar frá öllum vatnsveitum sveitarfélaganna. Í erindisbréfi er gert ráð fyrir að samráðshópurinn eigi samtali og samráð við hlutaðeigandi aðila um mál sem snerta vatnsverndarsvæðin. Annars er hlutverk hópsins að:

- tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og verkefnum sem henni tengjast á hverjum tíma.
- tryggja samstillingu þeirra aðila sem bera ábyrgð á vatnsvernd og vatnsnýtingu innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins, m.a. í samræmi við lögboðnar skyldur sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlits og veitna.

Þann 11. desember s.l. boðaði samráðshópurinn lykilstarfsmenn sveitarfélaga, vatnsveitna og Vegagerðar til fundar um vegi á vatnsverndarsvæðum. Þar var fjallað sérstaklega um Heiðmerkurveg. Á þeim fundi voru mótuð drög að ályktun sem samráðshópurinn fullkláraði 18. desember s.l. ásamt greinargerð sem fylgir með í minnisblaði. Ályktunin er svohljóðandi:

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu beinir því til Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Kópavogs og Vegagerðarinnar að samþykkja fyrir sitt leyti að sett verði upp hið fyrsta hlið og varúðarmerkingar við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt sé að stýra almennri umferð ökutækja inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru jafnframt hvött til að skoða hjá sér hönnun bílastæða/safnstaða við innkomuleiðir í Heiðmörk. Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru hvött til að vinna samræmt skipulag Heiðmerkur. Brýnt er að hið fyrsta verði skorið úr um veghald í Heiðmörk.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri